

**Hafnarfjarðarbær  
Ráðhúsinu  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfirði**

Hafnarfirði, 2. febrúar 2015

**Kristján Sturluson, sviðssjóri.**

**Efni: Koparhella 1, Hafnarfirði.**

Fyrirtækið **GT Hreinsun ehf.**, kt. 651004-2090, lýsir hér með yfir vilja sínum til þess að kaupa undir starfsemi sína lóðina Koparhella 1, Hafnarfirði, af sveitarfélaginu, en til skamms tíma var þar rekin steypustöð.

GT Hreinsun ehf., sem er öflugt fyrirtæki á sviði jarðvinnu og endurvinnslu, rekur starfsemi sína nú um stundir frá Rauðhelli 1 í Hafnarfirði. Vegna vaxandi umsvifa fyrirtækisins og vegna áforma þess um að auka starfsemi sína enn frekar, meðal annars á sviði jarðvegsgerðar, er núverandi aðstaða þess orðin of lítil og því full þörf á að fá aðgang að stærra athafnasvæði. Að mati forsvarsmanna fyrirtækisins gæti lóðin að Koparhella 1 mætt ágætlega þörfum þess næstu árin.

Auk starfseminnar á vegum GT Hreinsunar ehf. er ætlun forsvarsmanna fyrirtækisins að flytja starfsemi tengds fyrirtækis, Bioenergi ehf., á lóðina, ef af kaupum verður. Bioenergi ehf. er í dag leiðandi fyrirtæki héraðs í framleiðslu á svonefndum biodísil, þ.e. eldsneyti úr repjuolíu sem blandað er venjulegu eldsneyti í samræmi við nýlegar kröfur þar að lútandi. Eldsneyti þetta er framleitt að undangenginni samvinnu við Orkustofnun og vottað af stofnuninni og uppfyllir allar kröfur sem gerðar eru til biodísils samkvæmt evrópskum stöðlum. Starfsemi Bioenergi ehf. er nú að Hringhelli 12 í Hafnarfirði, en sú aðstaða er þegar orðin of lítil og stendur vexti fyrirtækisins fyrir þrifum.

Grundvöllur fyrir rekstri þessara tveggja fyrirtækja er umhverfis- og vistvæn starfsemi, sem hefur það meðal annars að markmiði að endurvinna og flokka jarðvegsúrgang og önnur jarðefni, að stuðla að minni útblástursmengun með framleiðslu á vistvænum orkugjafa og að auka þjónustustig fyrir einstaklinga, stofnanir og fyrirtæki í Hafnarfirði og víðar með því meðal annars að bjóða upp á endurvinnslu og flokkun jarðefna á aðgengilegum stað, í jaðri byggðar í Hafnarfirði, sölu á flokkuðum og vottuðum jarðefnum og framleiðslu á gæðajarðvegsefnum. Staðsetning fyrirtækjanna að Koparhella 1 auðveldaði þeim mjög að ná markmiðum sínum.

Á fundi nýlega með fulltrúa sveitarfélagsins gerðu forsvarsmenn fyrirtækjanna nánari grein fyrir áformum sínum. Á fundinum var meðal annars rætt um þann möguleika að GT Hreinsun ehf. fengi aðgang að jarðvegsnámum í Undirhlíðum.

Með vísun til framangreinds óska forsvarsmenn GT Hreinsunar ehf. eftir viðræðum við Hafnarfjarðarbæ um möguleika á kaupum á lóðinni og hugsanlegan aðgang að Undirhlíðanámum. Viðræður hæfust sem allra fyrst.

Virðingarfyllt  
f.h. GT Hreinsunar ehf.

  
Gísli Sveinbjörnsson